

## Ekkert Evrópuumboð í Samfylkingunni

Forysta Samfylkingarinnar með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Össur Skarphéðinsson í broddi fylkingar hefur ekkert umboð frá flokki sínum til að tala digurbarkalega eða setja öðrum úrslitakosti um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Stefán Jóhann Stefánsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík og andstæðingur ESB-aðildar, segir frá þessu í Morgunblaðinu 23. desember.

Stefán Jóhann minnir á niðurstöðu póstkosningar innan Samfylkingarinnar um Evrópumál árið 2002. Hún hafi ekki leitt til endanlegrar niðurstöðu um aðildarstefnu flokksins. Á flokksþingi 2003 hafi ekki heldur verið gengið frá málinu. Þá segir í grein Stefáns Jóhanns:

„Setja skyldi aðildarumsókn á stefnuskrá á grundvelli skilgreindra samningsmarkmiða og stofna skyldi sérstakan starfshóp til að vinna að þessum samningsmarkmiðum.

Framkvæmdastjórn flokksins kom því síðan í verk að skipa starfshóp um samningsmarkmiðin stuttu síðar. Undirritaður var beðinn að taka sæti í þessum hópi. Óskað var ítrekað eftir því að hann kæmi saman, en af því varð aldrei og því hefur ekkert starf farið fram svo vitað sé. Þess vegna verður ekki séð að Samfylkingin hafi fylgt því eftir sem samþykkt var í póstkosningunni og samþykkt á landsfundi árið 2003, þ.e. að skilgreina svokölluð samningsmarkmið sem væru forsenda umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Þrátt fyrir það hefur nú mátt skilja á ýmsum þingmönnum og forystumönnum Samfylkingar að nú sé rétt að sækja um aðild. Þar með yrði póstkosningin og samþykkt landsfundar virtar að vettugi.“

Innan Samfylkingarinnar gætir vaxandi óróa meðal þeirra, sem sætta sig ekki við einstefnu Ingibjargar Sólrúnar í Evrópumálum og þykir hún hafa samræðustjórnsmál og lýðræðislegar leikreglur að engu.